

Fyrsti fundur nýskipaðs Hverfisráðs Raufarhafnar þriðjudaginn 16. nóvember 2021  
kl. 11:00 í fundarsal félagsheimilisins.

Mættar eru: Ingibjörg Sigurðardóttir formaður ráðsins, Elva Björk Óskarsdóttir og Guðný  
Hrund Karlsdóttir og skrifar hún fundargerð. Einnig sat fundinn Nanna Steina Höskuldsdóttir  
starfsmaður Norðurþings.

Formaður setur fund og gengur til dagskrár.

- 1. Starfsemi og vinnulag hverfisráða Norðurþings.**  
Berglind Jóna Þorláksdóttir og Anna Gunnarsdóttir starfsmenn Norðurþings og tengiliðir hverfisráða, mættu á fundinn í fjarfundabúnaði undir þessum lið. Fóru þær vinnulag og samþykktir sveitarstjórnar Norðurþings um hverfisráð.
- 2. Verkaskipting hverfisráðs.**  
Hverfisráð skiptir með sér verkum sbr. 3. grein samþykktanna. Ingibjörg er formaður ráðsins samkvæmt skipun byggðaráðs. Ákveðið að Elva Björk verði varamaður og Guðný Hrund ritari.
- 3. Almenn um starfsemi hverfisráðs.**  
Rætt um hvernig haga skuli starfsemi ráðsins. Ákveðið að setja inn á síðu íbúa Raufarhafnar þau mál sem eru til umræðu hverju sinni sem og tengil á fundargerð þegar hún liggur fyrir á vefsíðu Norðurþings til að upplýsa íbúa betur og virkja þá betur til umræðu
- 4. Ósk um samráð.**  
Hverfisráð óskar eftir því að fá til umsagnar öll mál er varða Raufarhöfn sem lenda á borði sveitarfélagsins áður en formleg ákvörðun er tekin innan þess. Hvort sem um ræðir fasteignir eða annað sem kann að koma inn á borð sveitarfélagsins sem varðar Raufarhöfn sbr. 1. - 7. tl. 2. greinar samþykktanna um hverfisráð um markmið og verk svið.
- 5. Samþykktir Norðurþings.**  
Nefnd er starfandi á vegum sveitarfélagsins sem vinnur að því að fara yfir samþykktir og erindisbréf sveitarfélagsins.  
Hverfisráð óskar eftir því að fá yfirfarnar samþykktir og erindisbréf hverfisráða til umsagnar áður en þær verða samþykktar í sveitarstjórn.
- 6. SR lóðin.**  
Norðurþing hefur auglýst eftir tilboðum í húsnæði á SR lóðinni á Raufarhöfn. Hefur GPG sem og fleiri aðilar óskað eftir að kaupa parta af eignum á lóðinni og hefur Norðurþing auglýst skv. reglum þar um. Frestur til að skila inn tilboðum er til 26. nóvember nk.  
Hverfisráð Raufarhafnar óskar eftir því að fá að sjá þau tilboð sem koma og gefa umsögn áður en ákvörðun verður tekin. Um mikla hagsmuni er að ræða fyrir íbúa þorpsins og hlýtur það að vera kappsmál að svona stórt mál eins og sala á eignum á SR lóðinni verði unnin í samvinnu við hverfisráð.  
Samhliða leggur hverfisráð til að vinna við deiliskipulag á lóðinni verði flýtt eins og kostur er þannig að hægt sé að undanskilja gömlu lýsistankana og síldarþrærnar frá öðrum fasteignum.

7. Önnur mál.

- a. Stofnað hefur verið svæði á google til að geyma vinnugögn hverfisráðs og skiptast á hugmyndum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:34.

Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir (Sign.)

Elva Ósk Óskarsdóttir (Sign.)

Guðný Hrund Karlsdóttir (Sign.)

Nanna Steina Höskuldsdóttir (Sign.)